



16. stjórnarfundur LH

Haldinn á Hótel Rangá 19. júní 2014

Mættir eru: Haraldur Þórarinsson, Sigurður E. Ævarsson, Axel Ómarsson, Anna Lilja Pétursdóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Helga Björg Helgadóttir, Þorvarður Helgason, Marianna Gunnarsdóttir, Sigrún Kristín Þórðardóttir og Erla Guðný Gylfadóttir.

1. Kynning frá Axel Ómarssyni, framkvæmdastjóra LM - Staða mála hjá LM

- Tjöldum seinkar. Stúkan er komin og er í tollafgreiðslu.
- Tæknipakkinn er tilbúinn.
- Það á eftir að gera margt fyrir svæðið ennþá.
- Leyfi og opinberir aðilar. Búið er að halda 1 samráðsfund með öllum aðilum. Mannvirkjanefnd tók svæðið út 6. júní. Lokaúttekt í dag.
- Búið er að semja við dómara, járningamenn og dýralækni.
- Miðasala, forsölu lauk 15. júní. Rúmlega 3000 miðar seldir.
- Axel sýnir mynd af mótsvæðinu. Svæðið betur skermað af heldur en árið 2008 með girðingu sem nær utan um allt mótsvæðið.
- Keppnishestar og félög eru lokuð af með innra tékki.
- Reiðhöll - engin starfsemi nema fyrir knapa, dýralæknisskoðun og starfsfólk.
- Umræða um keppnisvellina, ástæðan fyrir því að skipt var um aðalvöll er vegna þess að brekkan tekur fleiri áhorfendur.
- Hreinlætismál - Gámaþjónustan: 5 vatnssalernishús, 4 þurrsalerni, 4 opnir sorpgámar, 100 sorptunnur - þjónustað 1 sinni á dag.
- Skilti á Olís eru að koma upp, þeir sjá meðal annars um afhendingu armbanda.
- Axel ræðir um kynningamálin.

Kynningarefni:

- prentmiðlar
- Olís og vegskilti
- Vefmiðlar
- Útvarp og sjónvarp
- Viðtöl og þættir
- eMarketing
- Höfum lagt allt kapp í að auglýsa þetta sem fjölskylduhátíð.
- Axel segir frá eMarketing, auglýsingar sem birtast þegar einhver slær inn ákveðin leitarorð á google.
- Aukning tekjupósta. Helstu sóknarfærin eru í sjónvarpsmálum. RÚV, Síminn, landsmot.tv og upptökugjald (við verðum að velta kostnaði yfir á þá sem eru að njóta upptöku frá Landsmóti).
- HP leggur til að það verði skoðað betur að stofna fyrirtæki utan um upptökur á LM.
- Landsmót 2018 - Auglýsing um umsóknir - frestur til 15. september 2014.



2. Fyrri erindi frá GDLH: Rætt um hvort LH komi að kostnaði við eftirlitsdómara

Stjórn ákveður að tímabært sé að yfirdómari taki aftur við störfum eftirlitsdómara líkt og hjá íþróttadómurum.

Stjórn hafnar því þessu erindi.

3. Annað erindi frá GDLH: Aðgangur að kennsluefni

Eðlilegt þykir að GDLH hafi aðgang að góðu kennsluefni, það þarf þó að vera skýr rammi um notkun þess. Samþykkt að GDLH fái aðgang að efniinu í gegnum samning sem gerður verður um notkun þess. LH mun þó alltaf eiga efnið.

Samningur verður útbúinn og kynntur á næsta fundi.

4. Landsdómarapróf: Þessum þætti frestað til næsta fundar

5. Agamál dómara á móti hjá Létti

Dómari (var ekki að dæma, var forráðamaður keppanda) missti tök á skapi sínu við yfirdómara mótsins. Var maðurinn mjög óvæginn í gagnrýni sinni á dómara mótsins, aðstandendur og aðra keppendur þar sem einstaklingur tengdur honum komst ekki inn á mótið. Þessi aðili er á lista yfir dómara á Landsmóti og framkoma hans því ekki við hæfi og hann því vanhæfur til að dæma á Landsmóti, allavega þá keppendur sem kepptu við einstaklinginn sem tengdist honum.

Stjórn GDLH fundar um þetta í kvöld.

HP leggur til að stjórn LH bíði eftir niðurstöðu fundar GDLH. Skilaboðin eru þó skýr, maður sem er ekki í betra jafnvægi en þetta á ekkert erindi sem dómari á LM. Stórt vandamál að yfirdómari hafi ekki sett þetta í mótsskýrslu.

Niðurstaða: Stjórn LH vísar málinu til umsagnar aganefndar og bíður niðurstöðu stjórnar GDLH.

6. Velferðarmál - tungubogi

Mikilvægt að til verði einhver mátunarform varðandi tungubogann, til að geta sýnt á knapafundinum. Svo skýrt sé hvað má og hvað má ekki.

7. Uppskeruhátíð

Þorvarður er í viðræðum við Hilton og fleiri aðila varðandi uppskeruhátíð í byrjun nóvember. FHB vill vera með í hátíðinni.

8. Knapavalsnefnd

Skipa fyrir næsta fund. Ýta á eftir frægðarhöll ÍSÍ - hestamenn.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Jóhanna Gunnarsdóttir.